

Reykjavík, 21. mars 2024



## Umsögn SÍM um frumvarp til breytinga á lögum um listamannalaun

Við hjá SÍM viljum árétta að nú, þegar listastarf verður sífelld mikilvægara íslenskum efnahag og samfélagi, skiptir miklu máli að lög um starfslaun séu endurskoðuð til að mæta kröfum samtímans. Við teljum að frumvarp þetta að nýjum lögum fullnægi að miklu leiti þessar kröfur.

Það er mikilvægt að samþykkt lög uppfylli eftirfarandi:

- 1. Að upphæð launa sé hækkuð til að tryggja þeim listamönnum sem þeirra njóta lífvænleg kjör.**  
Til þess að svo verði þarf einnig að endurskoða 1. mgr 4 gr. laga um listamannalaun frá 2009 og tengja upphæð þeirra betur við launavísitöluna. Launavísitalan hefur hækkað um 172,7 prósent frá setningu laganna 2009 en upphæð Listamannalauna aðeins um 101,69 % á sama tíma. Því hefur töluverð kjararýrnun orðið hjá listamönnum.
- 2. Að fjölga launamánuðum og leiðréttu skiptingu launa á milli hópa, enda hefur starfandi listamönnum fjölgað mikið á undanförunum árum og áherslur breyst.**  
Frumvarpið svara þessu vel með stofnun þriggja nýrra launasjóða og töluverðri aukningu á úthlutuðum mánuðum í skrefum til 2028.
- 3. Að stofna sérstakan sjóð fyrir upprennandi listamenn til að tryggja að sem flestir geti unnið að list sinni og þróað strax eftir að námi lýkur.**  
SÍM fagnar stofnun sjóðsins Vöxtur fyrir listamenn undir 35 ára. En það er mikilvægt, og á því mætti skerpa í lögnum, að við úthlutun úr sjóðnum sé gætt jafnræðis milli listgreina og að faglegar úthlutunarnefndir úthluti úr sjóðnum.

4. **Að skapa faglega umgjörð um launasetningu eldri listamanna sem eru enn virkir þannig að samfélagið geti notið krafta þeirra sem lengst.**

SÍM fagnar stofnun sér launasjóðs fyrir listamenn sem náð hafa 67 ára aldri og að hægt sé að veita úr honum í allt að fimm ár. Það er mikilvægt, og á því mætti skerpa í lögunum, að við úthlutun úr sjóðnum sé gætt jafnræðis milli listgreina og að faglegar úthlutunarnefndir úthluti úr sjóðnum.

Með hliðsjón af ofangreindu fagnar SÍM framlagningu þessa frumvarps og styður markmið þess.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar SÍM



Anna Eyjólfsson, formaður SÍM

**SAMBAND ÍSLENSKRA MYNDLISTARMAÑA**  
THE ASSOCIATION OF ICELANDIC VISUAL ARTISTS

Hafnarstræti 16, 101 Reykjavík  
s. 551 1346  
sim@sim.is  
www.sim.is